



Launa- og jafnlaunastefna Fjölbrautaskóla Snæfellinga

Launa- og jafnlaunastefna þessi tekur til Fjölbrautaskóla Snæfellinga og kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsfólki skólans þau réttindi sem kveðið er á um í 19. [grein jafnréttislaga nr. 150/2020.](#)

Fjölbrautaskóli Snæfellinga skal greiða laun eftir umfangi og eðli starfa og taka mið af þeim kröfum sem störf gera um þekkingu, hæfni og ábyrgð. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við kjar- og stofnanasamninga, studdar rökum og tryggi að sömu laun séu greidd fyrir sömu, sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Launa- og jafnlaunastefna þessi er hluti af jafnréttisáætlun Fjölbrautaskóla Snæfellinga þar sem sérstaklega eru settar fram aðgerðir til að tryggja launajafnrétti. Þar segir að við ákvörðun launa skuli þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Einstaklingar skulu fá greitt fyrir störf sín út frá verðmæti þeirra óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Til þess að fylgja eftir launa- og jafnlaunastefnu Fjölbrautaskóla Snæfellinga skuldbindur skólinn sig til að:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins [ÍST 85](#) og öðlast vottun í samræmi við [lög 56/2017 um jafnlaunavottun.](#)
- Framkvæma árlega launagreiningu innan skólans.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Árlega skal fara fram innri úttekt og rýni stjórnenda.
- Fylgja lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta árlega af stjórnendum að þeim sé hlítt.
- Kynna árlega niðurstöður launagreininga og jafnlaunastefnu fyrir starfsmönnum skólans.

Skólameistari ber ábyrgð á launa- og jafnlaunastefnu. Hann ber ábyrgð á að kröfum sem tengjast jafnlaunakerfi sé framfylgt. Skólameistari ber ábyrgð á launaákvörðunum og skal gæta þess að þær séu í samræmi við kjarasamninga, stofnanasamninga, launastefnu og jafnlaunastefnu.

Stefnan skal vera aðgengileg á heimasíðu skólans.